

Kjarafélag viðskiptafræðinga
og hagfræðinga

Ársreikningur 2022

Borgartúni 6
105 Reykjavík

Kt. 450588-2029

Efnisyfirlit

| | |
|----------------------------------|---|
| Áritun óháðs endurskoðanda | 1 |
| Áritun og skýrsla stjórnar | 3 |
| Rekstrarreikningur | 4 |
| Efnahagsreikningur | 5 |
| Sjóðstreymi | 6 |
| Skýringar og sundurliðanir | 7 |

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar í Kjarafélagi viðskiptafræðinga og hagfræðinga

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Kjarafélags viðskiptafræðinga og hagfræðinga fyrir árið 2022. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning þann 31. desember 2022, sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2022, efnahag þess 31. desember og breytingu á handbæru fé á árinu 2022, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Óhæði

Við erum óháð Kjarafélagi viðskiptafræðinga og hagfræðinga í samræmi við alþjóðlegar siðareglur fyrir endurskoðendur (IESBA Code) og viðeigandi settar siðareglur á Íslandi og höfum uppfyllt önnur ákvæði

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn og framkvæmdastjóra að meta rekstrarhæfi Kjarafélags viðskiptafræðinga og hagfræðinga og eftir því sem við á, skýra frá þeim atriðum sem varða rekstrarhæfið og notkun forsendunnar um áframhaldandi rekstrarhæfi, nema ætlunin sé að leysa upp félagið eða hætta starfsemi þess, eða ef enginn annar raunhæfur valkostur er í stöðunni.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðenda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar. Nægjanleg vissu er mikil vissu, en ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær, einar og sér eða samanlagðar, gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins.

Áritun óháðs endurskoðanda

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggjum við á faglegri dómgreind og beitum ávallt faglegri tortryggni. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- * Við greinum og metum hættunar á verulegum skekkjum í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- * Við öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- * Við metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
- * Við ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun okkar. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.
- * Við metum í heild sinni hvort framsetning og uppbygging ársreikningsins, þ.m.t. innihald og skýringar, gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem koma upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti sem fram koma við endurskoðunina, eftir því sem við á.

Skýrsla um innihald skýrslu stjórnar

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita samkvæmt lögum um ársreikninga og ekki koma fram í skýringum.

Reykjavík 30. mars 2023

Ingunn H. Hauksdóttir
lögiltur endurskoðandi

Ernst & Young ehf.
Borgartúni 30
105 Reykjavík

Áritun og skýrsla stjórnar

Ársreikningur Kjarafélags viðskiptafræðinga og hagfræðinga er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Hann er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Kjarafélag viðskiptafræðinga og hagfræðinga er stéttarfélag viðskiptafræðinga og hagfræðinga. Félagið sér um að gera kjarasamninga fyrir hönd félagsmanna á almennum og opinberum vinnumarkaði. Ársverk félagsins voru 1,9 en voru 2,4 í fyrra. Stjórnarmenn fengu einnig greitt fyrir stjórnarstörf, líkt og árið áður.

Samkvæmt rekstrarreikningi félagsins var hagnaður ársins 2022 kr. 34.828.158. Hrein eign félagsins í árslok var jákvæð um kr. 132.834.423.

Stjórn Kjarafélags viðskiptafræðinga og hagfræðinga samþykkir hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2022 með undirritun sinni.

Reykjavík, 30. mars 2023

Stefán Þór Björnsson, formaður

Helga S. Sigurðardóttir

Sigríður Svavarsdóttir

Ingólfur Sveinsson

Guðjón Hlynur Guðmundsson

Áritun skoðunarmanna

Við undirritaðir kjörnir skoðunarmenn Kjarafélags viðskiptafræðinga og hagfræðinga höfum yfirfarið ársreikning félagsins fyrir árið 2022. Við höfum engar athugasemdir og leggjum til að hann verði samþykktur.

Magnús Sigurðsson

Jóngeir Hlinason

Rekstrarreikningur 2022

| Rekstrartekjur | Skýr. | 2022 | 2021 |
|---|-------|----------------------|--------------------|
| Félagsgjöld | | 125.750.288 | 109.757.355 |
| Aðrar rekstrartekjur | | 400.000 | 0 |
| | | <u>126.150.288</u> | <u>109.757.355</u> |
| Rekstrargjöld | | | |
| BHM | | 28.015.915 | 25.293.257 |
| Laun og launatengd gjöld | 3 | 49.073.019 | 47.096.995 |
| Annar rekstrarkostnaður | 4 | 16.223.978 | 9.318.529 |
| Afskriftir | | 67.251 | 67.251 |
| | | <u>93.380.163</u> | <u>81.776.032</u> |
| | | Rekstrarhagnaður | 27.981.323 |
| | | 32.770.125 | |
| Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) | | | |
| Vaxtatekjur og verðbreyting verðbréfaeignar | | 2.233.420 | 255.152 |
| Vaxtagjöld og þóknanir vegna fjárvörslu | | (102.604) | (67.424) |
| Fjármagnstekjuskattur | | (468.981) | (55.643) |
| Hlutdeild í afkomu Húsfélags BHM sf. | 5 | 396.198 | (33.662) |
| | | <u>2.058.033</u> | <u>98.423</u> |
| | | Hagnaður ársins | 28.079.746 |
| | | <u>34.828.158</u> | <u>28.079.746</u> |

Efnahagsreikningur 31. desember 2022

| Eignir | Skýr. | 2022 | 2021 |
|---|-------|---------------------------|---------------------------|
| Fastafjármunir | | | |
| Varanlegir rekstrarfjármunir | | 512.883 | 580.134 |
| Eignarhlutur í Húsfélagi BHM sf. | 5 | 31.455.074 | 31.058.876 |
| Fastafjármunir samtals | | <u>31.967.957</u> | <u>31.639.010</u> |
| Veltufjármunir | | | |
| Útistandandi félagsgjöld | | 13.987.897 | 10.855.156 |
| Verðbréfaeign | | 0 | 4.791.008 |
| Handbært fé | | 91.666.277 | 59.693.750 |
| Veltufjármunir samtals | | <u>105.654.174</u> | <u>75.339.914</u> |
| Eignir samtals | | <u><u>137.622.131</u></u> | <u><u>106.978.924</u></u> |
| Eigið fé og skuldir | | | |
| Eigið fé | | | |
| Óráðstafað eigið fé í upphafi árs | | 98.006.265 | 69.926.519 |
| Afkoma ársins | | 34.828.158 | 28.079.746 |
| Eigið fé samtals | | <u>132.834.423</u> | <u>98.006.265</u> |
| Skuldir | | | |
| Skammtímaskuldir | | | |
| Ógreidd laun og launatengd gjöld | | 4.027.451 | 8.291.269 |
| Ógreiddir reikningar | | 760.257 | 681.390 |
| Skammtímaskuldir samtals | | <u>4.787.708</u> | <u>8.972.659</u> |
| Skuldir samtals | | <u>4.787.708</u> | <u>8.972.659</u> |
| Eigið fé og skuldir samtals | | <u><u>137.622.131</u></u> | <u><u>106.978.924</u></u> |

Sjóðstreymi 2022

| Handbært fé frá rekstri | 2022 | 2021 |
|---|-------------|-------------|
| Innborganir: | | |
| Innborguð félagsgjöld..... | 122.617.547 | 111.817.517 |
| Innborgaðar aðrar tekjur..... | 400.000 | 0 |
| Innborgaðir vextir..... | 2.184.423 | 25.554 |
| Innborganir samtals | 125.201.970 | 111.843.071 |
| Útborganir: | | |
| Greitt til BHM | 28.015.915 | 25.293.257 |
| Greiddur annar rekstrarkostnaður..... | 16.145.111 | 8.922.470 |
| Greidd laun og launatengd gjöld..... | 53.336.837 | 46.360.100 |
| Greiddur fjármagnstekjuskattur og bankakostnaður..... | 571.585 | 72.553 |
| Útborganir samtals | 98.069.448 | 80.648.380 |
| Handbært fé frá rekstri | 27.132.522 | 31.194.691 |
| Fjárfestingarhreyfingar | | |
| Seld verðbréf | 4.840.005 | 0 |
| Fjárfestingarhreyfingar samtals | 4.840.005 | 0 |
| Hækkun (lækkun) á handbæru fé | 31.972.527 | 31.194.691 |
| Handbært fé í ársbyrjun | 59.693.750 | 28.499.059 |
| Handbært fé í árslok | 91.666.277 | 59.693.750 |

Skýringar og sundurliðanir

1. Upplýsingar um félagið

Kjarafélag viðskiptafræðinga og hagfræðinga er aðildarfélag að Bandalagi háskólamanna og er meginstarfsemi félagsins að vinna að bættum kjörum félagsmanna sinna og að gera kjarasamninga fyrir hönd félagsmanna á almennum og opinberum vinnumarkaði.

Ársverk félagsins voru 1,9, samanborið við 2,4 ársverk árið áður. Stjórnarmenn fá einnig greitt fyrir stjórnarstörf, líkt og árið áður.

2. Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum ef frá er talið mat á verðbréfum sem eru metin á gangvirði. Hann er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum og fjárhæðir eru sýndar í heilum krónum.

Innlausn tekna

Félagsgjöld eru færð miðað við innsendar skilagreinar, á því tímabili sem skilagreinar tilheyra.

Vaxtatekjur eru færðar í rekstrarreikning þegar þær falla til.

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar samkvæmt upphaflegu viðskiptaverði að frádreginni niðurfærslu sem gerð er til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum.

Handbært fé

Til handbærs fjár teljast bankainnstæður.

Skýringar og sundurliðanir

3. Laun og launatengd gjöld

| | 2022 | 2021 |
|------------------------------------|-------------------|-------------------|
| Laun starfsmanna og stjórnar | 31.792.740 | 34.444.841 |
| Önnur þóknun | 10.633.759 | 1.445.184 |
| Bifreiðastyrkur | 473.682 | 731.075 |
| Mótframlag | 6.810.938 | 6.128.914 |
| Tryggingagjald | 3.156.667 | 2.607.757 |
| Sjóðagjöld | 1.007.220 | 1.028.007 |
| Breyting á áföllnu orlofi | (4.801.987) | 711.217 |
| | <u>49.073.019</u> | <u>47.096.995</u> |

4. Annar rekstrarkostnaður

| | 2022 | 2021 |
|--|-------------------|------------------|
| Annar starfsmannakostnaður | 1.759.190 | 518.154 |
| Ráðstefnur, ferðakostnaður | 591.900 | 84.600 |
| Rekstrarframlag til Húsfélags BHM sf. | 3.530.584 | 3.380.948 |
| Sími og burðargjöld | 182.327 | 372.115 |
| Bækur, blöð og tímarit | 74.900 | 87.014 |
| Pappír, prentun og ritföng | 73.454 | 38.571 |
| Rekstur tölvukerfis | 1.358.753 | 706.457 |
| Kostnaður vegna BIB | 440.713 | 316.346 |
| Aðkeypt þjónusta | 404.043 | 364.560 |
| Endurskoðun og reikningsskil | 1.092.502 | 849.555 |
| Bókhaldsþjónusta | 697.145 | 496.062 |
| Lögfræðikostnaður | 3.455.345 | 3.186.619 |
| Endurgreiddur lögfræðikostnaður | 0 | (2.476.664) |
| Kynningarmál og auglýsingar | 1.325.910 | 664.668 |
| Fundarkostnaður | 482.879 | 47.627 |
| Áhöld og tæki | 736.256 | 654.197 |
| Annar kostnaður | 18.077 | 27.700 |
| | <u>16.223.978</u> | <u>9.318.529</u> |

Skýringar og sundurliðanir

5. Eignarhlutir í öðrum félögum

Kjarafélag viðskiptafræðinga og hagfræðinga á 6,16% eignarhluta í Húsfélagi BHM sf. sem stofnað var á árinu 2004. Eignarhluturinn er færður skv. hlutdeildaraðferð. Með aðferðinni er tekið tillit til rekstrarárangurs og annarra breytinga á eigin fé félagsins.

Breytingar á eignarhlut í Húsfélagi BHM á árinu greinast þannig:

| | <u>2022</u> | <u>2021</u> |
|--------------------------|--------------------------|--------------------------|
| Staða 1.1. | 31.058.876 | 31.092.538 |
| Hlutdeild í afkomu | 498.726 | 35.508 |
| Afskrift yfirverðs | <u>(102.528)</u> | <u>(69.170)</u> |
| Staða 31.12. | <u><u>31.455.074</u></u> | <u><u>31.058.876</u></u> |